

Leirlist á Kjarvalsstöðum

KOMIN TIL AÐ VERA

LEIRLISTARFÉLAGIÐ gaf í vikunni Listasafni Reykjavíkur verk eftir 33 félagsmenn. Þeir eru raunar flestir konur og líta svo á að með gjöfinni hefjist nýtt tímabil í sögu íslenskrar leirlistar. Henni verði loksins gert jafn hátt undir höfði og öðrum listgreinum, en hingað til hafi hvergi verið hægt að skoða íslenska leirlist og nálgast upplýsingar um leirlistarmenn.

Raunar stendur einmitt núna á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning um íslenska leirlist frá upphafi, fyrir 65 árum. Nokkur verk af sýningunni eru í gjöf Leirlistarfélagsins en hún telur líka listaverk sem ekki er stillt upp í safninu. Að því ætti þó að koma bráðum því ákveðið er að sýna leirlistina með annarri listaverkaeign safnsins, að sögn Guðrúnar Jónsdóttur formanns Menningarmálanefndar.

Elísabet Haraldsdóttir, formaður Leirlistarfélagsins, segir að í kjölfar gjafarinnar hafi markvissri söfnun


leirlistarverka verið lokað. Það fari ekki milli mála. Og vissulega sé gleðiefni að fá nú inni á Kjarvalsstöðum, það sé vísur að auknum metnaði hvað varðar listhandverk í landinu. Í gjöfinni nú hafi eldri verkum verið teft fram til að fá eðlilegan grunn í leirlistarsafn, seinna fylgi fleiri og nýrri og vanþekking breytist í innsýn og áhuga á þessari listgrein.

Leirlistarfélagið verður 15 ára á næsta ári og Elísabet segir að allar götur hafi aðgengilegar upplýsingar um íslenska leirlist og sýnishorn hennar á einum stað verið baráttumál félagsins. Tvö ár séu síðan bréf voru send til safna og sveitarfélaga með þessari málaleitan og Hulda Valtýsdóttir þáverandi formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur hafi tekið erindinu vel. Sýningin nú og gjöf listafólksins sé framhald málsins. Leirlistarmenn muni svo að sjálfsögðu fylgja því eftir.


P.P.



DOPPÓTT kannu, Rannveig Tryggvadóttir, 1994.




FORM og innihald, Borghildur Óskarsdóttir, 1992.




VASI, Ragna Ingimundardóttir, 1989.



SPEGLUN I, Bryndís Jónsdóttir, 1993.



SÁLNAKER, Guðný Magnúsdóttir, 1994.



ELDGOS, Jónína Guðnad., 1987

Blæbrigði gylltra tóna

Málmblásarar halda sína árlegu tónleika í Langholtskirkju á morgun, sunnudag. Súsanna Svavarsdóttir ræðir við stjórnanda tónleikanna, Osmo Vänskä, um hin ólíku verk og höfunda þeirra.

MÁLMBLÁSARAR og slagverksmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ásamt félögum, halda sínu árlegu tónleika í Langholtskirkju sunnudaginn 5. febrúar. Tónleikarnir hefjast klukkan 17. Eins og á fyrri tónleikum málmblásara er leitast við að kynna verk sem ekki hafa áður heyrst í lifandi flutningi á Íslandi.

Fyrst á efnisskránni verða þrjár Cansónur eftir ítalska tónskáldið Giovanni Gabrieli sem uppi var síðari hluta sautjándu aldar. Einnig verður flutt verk norska tónskáldsins Knuts Nysteds, Pia Memoria, fyrir níu málmblásara og slagverk. Þau tvö verk er hæst ber á þessum tónleikum eru þó Sinfónía fyrir málmblástarurshljóðfæri og slagverk eftir Gunther Schuller, skrifað fyrir sex trompetta, fjögur horn, þrjár básúnur, bariton, tvær túbur, pákur og slagverk – og Konsertmúsik fyrir málmblásara, tvær hörpur og píanó eftir Paul Hindemith.

Hljóðfæraleikarnir sem koma fram á tónleikumunum eru í hópi okkar bestu hérlendra á sín hljóðfæri, auk þess sem finnskur píanóleikari, Rajia Kerppo, leikur einleik í verki Pauls Hindemiths, en hún er meðal fremstu ungra píanóleikara í Finnlandi. Stjórnandi á tónleikumunum er Osmo Vänskä, aðalhljómsveitarstjóri SÍ.

Tónskáldin

Giovanni Gabrieli (ca. 1553-1612) er talinn eitt merkasta tónskáld Feneyjaskólans og sá sem talinn er bera hæst í tónlist endurreisnartímabilsins. Madrigalar og tónlist af öðrum trúarlegum toga fyrir söngvaddir er mest áberandi í verkum Gabriellis en hann samdi einnig mikið af ýmiss konar hljóðfæratónlist.

Paul Hindemith (1895-1963)

þykir með athyglisverðustu tónskáldum 20. aldar. Hann fæddist í Hanau, nálægt Frankfurt og starfaði í Þýskalandi sem kennari, m.a. við Hochschule für Musik í Berlín og var mjög virkur fiðlu- og víólu-leikari í kammertónlist, jafnhliða því sem hann vann að tónsmíðum. Þegar nasistar voru farnir að ráða öllu í Þýskalandi varð Hindemith fyrir miklum áskökunum frá þeim fyrir að „svikja köllun sína sem þýskt tónskáld.“ Hann var leystur frá störfum sem kennari við tónlistarskólann og fluttist endanlega burt frá Þýskalandi árið 1937, fyrst til Sviss en þremur árum síðar til Bandaríkjanna.

Knut Nystedt (1915) nam orgelleik og tónsmíðar í heimalandi sínu en fór síðan til Bandaríkjanna til frekara náms. Meðal kennara hans þar í tónsmíðum var Aaron Copland. Nystedt hefur starfað í Noregi sem orgelleikari, kórstjórnandi og verið virkur þátttakandi í tónlistarlífi Noregs. Tónverk Nysteds eru ljóðræn og rómantísk.

Gunther Schuller (1925) er bandarískt tónskáld, kennari og hljómsveitarstjóri. Schuller nam tónsmíðar, flautu- og hornleik og hafði samid sína fyrstu sinfóníu 14 ára gamall. Schuller náði ótrúlega miklum árangri sem hornleikari á skóllum tíma og var ráðinn sólhornleikari við Metropolitan óperuhljómsveitina aðeins átján ára gamall. Tónsmíðar áttu hug hans allan svo hann lagði hornið á hilluna eftir fimmtán ára starf sem einn fremsti hornleikari Bandaríkjanna og sneri sér að fullu að tónsmíðum. Þá var hann þegar búinn að semja yfir 30 tónverk af ýmsum stærðum og gerðum. Schuller er í röð fremstu tónskálda Bandaríkjanna og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og heið-

urnafnbóta bæði í heimalandi sínu sem og víða í Evrópu fyrir tónsmíðar. Hljómsveitarstjóraferill Schullers er ekki síður lítríkur. Á þeim vettvangi hefur Schuller einnig getið sér frægðar beggja vegna hafs og verið talinn í röð merkari hljómsveitarstjóra. Þess má geta að Gunther Schuller hefur komið hingað til lands tvisvar og stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Einleikarinn

Raja Kerppo er í röð efnilegustu ungra finnskra píanóleikara í dag. Hún nam fyrst við tónlistarháskólann í Ábo og síðan við Sibelíusar akademíuna en innritadist að því loknu í Julliard tónlistarháskólann í New York. Raja Kerppo hefur unnið til fyrstu verðlauna í Maj Lind píanókeppninni og hún vann einnig Norrænu píanókeppnina í Danmörku árið 1989. Hún hefur komið fram sem einleikari með flestum sinfóníuhljómsveitum Finnlands og tekið virkan þátt í kammertmúsík. Kerppo lék píanókonert Selíms Palmgrens inn á hljómdisk með Sinfóníuhljómsveitinni í Ábo og hlaut sá hljómdiskur verðlaun sem besti hljómdiskur ársins 1990.

Efnisskráin

Það er aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä sem stjórnar tónleikum málmblásaranna að þessu sinni. Hann segist hafa mikla ánægu af því að vinna að sérstökum verkefnum með hljóðfæraleikurum sveitarinnar. „Ég næ að kynnast þeim betur og við fáum góðan tíma til að vinna að ýmsum þáttum er varða tækni og skoða hljóðfærin á nýjum forsendum,“ segir Osmo. „Í sinfónískum verkum koma málmblástarurshljóðfærin annaðhvort inn

sem eitthvað störfenglegt, eða þau eru í biðstöðu. Sú efnisskrá sem við bjóðum upp á á málmblástaratónleikumunum gefur þeim hins vegar mikið svigrúm. Hljóðfæraleikarnir takast þar á við langa efnisskrá sem felur í sér samfelldan leik og mikla þjálfun í blæbrigðum. Vegna þess hve flókin verkin eru hefur undirbúningurinn verið nokkuð erfiður en einstaklega skemmtilegur, því þetta eru mjög góðir hljóðfæraleikarar og tilbúnir að framkvæma allt sem maður biður um í flutningnum. Það er líka mjög gaman að takast á við Hindemith, sem er hratt risandi tónskáld. Á seinustu 2-3 árum eru verk hans í síauknum mæli á efnisskrám tónleika víða um heim og mjög margir hljóðfæraleikarar eru að leggja drög að því að hljóðrita þau.“

En hvað geturðu sagt okkur um verkin á efnisskránni.

„Cansónur Gabriellis eru dæmigerð upprunaleg hljóðfæratónlist. Gabrieli hafði aðstöðu í Markúsarkirkjunni í Feneyjum, þar sem hann var organisti og það gaf honum mikla möguleika í sambandi við tónsmíðarnar. Tónlistin sem hann skrifaði var antifónal (víxlsöngur). Hann skrifaði fyrir fjórar til fimm raddir sem sungust á. Hvort sem það voru mannsraddir eða hljóðfæri þá fór hann að senda flytjendur hingað og þangað um kirkjuna; til hliðar, aftur fyrir kirkjugesti og upp á svalir. Það má því segja að hann hafi verið með tónlistarflutninginn í steríó og kvadrófón. Verkið sem við flytjum er 450 ára gamalt og við ætlum að flytja það og útfæra í anda Gabriellis í Langholtskirkju.“

Konzertmúsik fyrir málmblásara er fyrir mér dæmigerð Hindemith tónlist. Það er skrifað fyrir málmblásara, tvær hörpur og píanó, sem er ekki beint algeng hljóðfærasamsetning. Þar eru hörpurar einhvers konar englar og málmblástarurshljóðfærin og píanóið eru í andstöðu við þær. En þetta er lýrískt málmblástarverk og mjög fallegt.“

Enginn hávaði?

„Nei – og veistu, ég er ekki sáttur við að samasem merki sé sett milli málmblástarar og styrkleika. Það er mikið til af mjúkri tónlist fyrir þessi hljóðfæri og þetta verk er gott dæmi um það.“

Pia Memoria, eftir Nystedt, er sálumessa fyrir níu málmblástarurshljóðfæri. Hann samdi það í tilefni minningartónleika um norsku skautadrottninguna Sonia Heine og var það frumflutt 1971. Orðið Pia segir töluvert mikið um verkið. Það þýðir eitthvað fagurt og finlegt – allt að því upphafið. Og það er staðreynd að þetta verk snertir mann strax mikið þegar maður heyrir það. Það er eins og ævintýratónlist og tjáir vel ást Norðmanna á Soniu. Ég myndi kalla það meistara- verk. Það er ekki heilátónlist – heldur gefur það mikið og er nær- andi fyrir tilfinningarnar.

Sinfónía fyrir málmblásara og slagverk eftir Schuller er samid 1949-1950. Það er mun raunsæislegri mynd af samtíma okkar en verk Nysteds; tíma þar sem ekki er allt svo fagurt. Schuller tjáir líka ljótleikann. Þetta verk er mikil ögrun fyrir hljóðfæraleikarana og krefst gríðarlegrar tækni fyrir öll hljóðfærin. Þegar það var skrifað fyrir 45 árum var sú hæfni sem til þarf ekki fyrir hendi í þeim mæli sem hún er í dag. Auðvitað var til einn og einn nógu góður hljóðfæraleikari – en kröfurnar aukast stöðugt og hæfni hljóðfæraleikara er alltaf að vaxa. En jafnvel þótt svo sé er þetta gríðarlega erfitt verk í æfingu og flutningi.

Vegna þess hve tæknilegar kröfur til hljóðfæraleikara aukast hratt er til mikið af mjög góðum hljóðfæraleikurum af yngri kynslóðinni – og þeir bestu verða stöðugt yngri. Það var mjög gott að vinna með málmblásurunum hér að þessu verki. Þeir eru mjög góðir hljóðfæraleikarar og reidubúnir að gera allt sem þeir eru beðnir um. Sem stjórnandi hef ég ekki þurft að hlusta á neinar kvartanir eða afsakanir frá þeim. Hæfni hvers einasta hljóðfæraleikara er mjög mikil.“

Nú er þetta í áttunda skipti sem málmblásarar halda sérstaka tónleika. Hver er sérstada þeirra?

„Tónleikagestir eru vanir að hlusta á strengjasveitir og söngvara og þetta er vissulega tilbreyting. Við erum að kynna aðra tegund af tónlist sem er ekki síður ögrun við áheyrendur – og eykur við þá fjölbreytni sem tónlistarhugafólk vill hafa.“



Osmo Vänskä



Rajia Kerppo